Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1922 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir rikissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.



Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 1923.

VIÐ TEKJUBÁLKINN.

Í þetta skifti er ekki ástæða til að fjölyrða um tekjubálkinn, þar sem svo stendur á, að síðasta Alþingi samþykkti nýtt skattakerfi, sem enn er engin reynsla fengin um. Það hefir því þótt rjett að taka tekjubálkinn upp sem næst óbreyttan frá því, sem Alþingi áætlaði hann í síðustu fjárlögum, en þó hefir ekki þótt verða hjá því komist að gera fáeinar breytingar, og mun farið um þær nokkrum orðum hjer að neðan, en þær áætlanir eigi nefndar, sem óbreyttar eru frá því, sem síðasta þing vildi vera láta.

1. Tekjuskattur og eignarskattur er hækkaður úr 700000 kr. í 800000 kr., og er næsta ólíklegt að það sje óvarlegt. Tekjuskatturinn var rúmlega 825000 kr. 1920, og jafnvel þótt vitanlegt sje, að ekki má ætlast til mjög mikilla tekna 1922, en eftir tekjum þess árs fer tekjuskatturinn 1923, þá virðist það þó ekki óvarlegt að láta alla þá miklu hækkun, sem nú er lögleidd á tekjuskattinum, koma á móti lækkun teknanna, og auk þess alt sem eignarskattur hlýtur að gefa auk þess sem áður var.

2. Aukatekjur eru í gildandi fjárlögum áætlaðar 150000 kr., en voru 1920 undir 260000 kr. Nú voru aukatekjurnar hækkaðar mjög mikið á síðasta þingi, sumar um helming. Það sýnist því ekki óvarlegt að áætla þær með þessari hækkun sem næst því, sem þær voru fyrir hækkunina.

3. Erfðafjárskattur er hækkaður um 10000 kr. vegna breytinga á erfðafjárskattslögunum, er síðasta Alþingi samþykkti. Skattur þessi var rúml. 43000 kr. 1920.

4. Vitagjald er einnig hækkað um 10000 kr. Þetta gjald var 1920 undir 170000 kr.; og minni siglingar er ekki líklegt að verði 1923 en 1920.

5. Gjald af konfekt og brjóstsýkursgerð er hækkað upp í 20000 kr. Þetta gjald var 1920 rúml. 30000 kr.

6. Tekjur af tóbakseinkasölu eru hækkaðar um 50 þús. kr., og virðist það ekki óvarlegt.

7. Bifreiðaskattinn þykir rjettast að taka upp í tekjuáællun, því að hann hlýtur að koma í landsreikninginn teknamegin á sinum tíma, þótt honum sje varið til sjerstakra framkvæmda, og kostnaður af þeim framkvæmdum þá einnig talinn til gjalda í reikningnum.

8. Í 3. gr. er bætt við tekjum af skipum, og eru þær áætlaðar alveg eftir tillögum Nielsens framkvæmdarstjóra.

9. Í 4. gr. eru vextir af bankavaxtabrjefum lækkaðir dálítið vegna þess, að árlega er dregið út nokkuð af bankavaxtabrjefum þessum.

VIÐ GJALDABÁLKINN.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Það virðist eigi nú fremur en undanfarið vera ástæða til að sýna í aths. þessum útreikning vaxta og afborgana; hvorttveggja fer eftir fyrirfram gerðum samningum, er segja til hversu mikið greiða skal.

Um 8. gr.

Borðfje konungs er lögákveðið.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður hjér 50000 kr. lægri en 1922, með því að gera má ráð fyrir allmikilli lækkun á dagkaupi, bæði þingmanna og annara starfsmanna, og einnig á pappír, prentun, upphitun o. fl.

Borgun til yfirskodunarmanna er eins og nú er, 1000 kr. til hvers.

Um 10. gr.

A.

1. a.—b. Þessir liðir eru lögákveðnir.

2. Þessi liður er lækkaður um 1000 kr., þótt gert sje ráð fyrir 2 ferðum til útlanda á árinu, því að ýmislegur kostnaður, er hjér að lýtur, hefir lækkað, svo sem kostnaður af dvöl á gistihúsum o. fl.

3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins eru ákveðin samkvæmt starfsmannafjölda nú og ákvæðum launalaganna. Vitaskuld getur þetta breyst lítið eitt, ef mannaskifti verða, vegna aldursbækkunarinnar, en miklu getur þetta ekki munað. Gildir þetta um allar starfsgreinar ríkisins, og er hjér leidd athygli að þessu i eitt skifti fyrir öll.

Ennfremur þykir rjett að taka það fram hjér, að dýrtiðaruppbót er hvervetna i frv. þessu áætluð 80% , enda eru allar líkur á að það sje nægilegt, þar sem uppbótin hefir á þessu ári lækkað úr 137¹/₃% i 94%, ef miðað er við öll laun hvers einstaks.

4. Það er óhætt að gera ráð fyrir lækkun á þessum lið, því að hiti, pappír, ljós, aukavinna og annað, er telst hjér til, lækkar drjúgum. Því er gert ráð fyrir 8000 kr. lækkun frá áætlun ársins 1922.

5. Það er gert ráð fyrir að ríkisfjéhirðir þurfi að hafa 3 menn til aðstoðar eins og hann hefir nú. Laun þeirra eru áætluð 9500 kr. allra, en laun fjéhirðis sjálfis með uppbót (80%) eru kr.: 6840,00. Til launa fara því kr.: 16340,00. Til skrifstofuhaldsins (húsal, hiti, ritföng o. fl.) eru áætlaðar 3000 kr.

6. Liðurinn er óbreyttur.

B.

1.—2. Þessir liðir eru lögákveðnir.

3.—4. Liðirnir áætlaðir eftir till. hagstofustjóra.

5. Þessi liður er áætlaður lítið eitt lægri en hagstofustjóri leggur til, því að óvíst er að húsnæði hagstofunnar verði dýrara eftirleiðis en nú, og kolaverð er áætlað hjér 70 kr. pr. smálest, en hagstofustjóri mun reikna með 100 kr. verði.

Hjer þykir og rjett að geta þess, að kolaverð er alstaðar í frv. þessu áætlað 70 kr., og virðist það varleg áætlun.

6. Þessi liður er lækkaður um 5000 kr. frá áætlun yfirstandandi árs, því að vinnu útaf manntalinu 1920 verður lokið 1922. Auk þess verður að búast við lækkun á kaupum starfsmanna, þótt ekki hafi þeir haft lögákveðna uppbót, því að öll vinnulaun fara lækkandi.

C.

1. a. Það virðist með öllu óþjákvæmilegt að hækka laun sendiherrans verulega, því að annars mun maður sá, sem nú hefir stöðuna á hendi, og er að stjórnarinnar dómi ágætlega til þess fallinn, ekki sjá sjer fært að gegna henni. Ástæður þær, er hann byggði á, er hann tók við stöðunni, hafa breyst verulega, og er full ástæða til að taka tillit til þess. Alþingi mun verða sent erindi hans hjer að lútandi, ritað skömmu fyrir síðasta þing, þar sem hann rökstyður þetta nánar, svo að ekki er ástæða til að fara frekara út í það hjer, en þess er að vænta, að Alþingi bregðist vel við þessu, þar sem það verður að teljast áriðandi, að audið sje að skipa stöðu þessa vel hæfum manni.

b. Þessi liður er hækkaður um 1000 kr., og er hann þó ekki svipað því svo hár, að nægi til greiðslu á húsaleigu sendiherrans.

c. Þessi liður er hækkaður um 3000 kr., og má þó alls ekki lægri vera eftir þeirri risnu, sem sendiherrar verða að sýna og af þeim er heimtað.

d. Liðurinn er óbreyttur.

2. Liðurinn er samningsbundinn.

3. Þessi liður er óbreyttur.

4. Liður þessi er nýr, en kostnaður þessi hefir hingað til verið greiddur sem kostnaður af sambandslögumum. Rjettara þykir að taka hann upp í fjárlög, eins og hjer er stungið upp á. Laun hvers nefndarmanns eru 2000 kr., og fara því til þess 6000 kr. Á árinu 1923 munu íslensku nefndarmennirnir fara utan, og má ekki áætla minna til þess en 2000 kr. handa hverjum nefndarmanni.

Um 11. gr.

A.

1. a.--b. Liðirnir eru lögákveðnir.

c. Þessi kostnaður er lækkaður um 500 kr. vegna lækkandi verðlags yfirleitt.

2. Gefur ekki tilefni til athugasemda.

3. Liðurinn er lögákveðinn, en ógerlegt er að áætla hreppstjóra launin alveg nákvæmlega.

4. Liðurinn er tekinn eftir áætlun bæjarfógeta að öllu leyti.

5. Hjá lögreglustjóra er gert ráð fyrir sama starfsmannafjölda og nú og sömu launum með 80% uppbót, en hiti og ljós er áætlað litið eitt lægra en nú og eins ýms gjöld, hvorttveggja vegna lækkandi verðlags. Húsaleiga er eftir dómkvaddra manna mati og ekki líkur á að hún lækki.

Lögreglustjóri telur sig þurfa að bæta við tollvörðum, en eins og nú er, sjer stjórnin ekki fært að verða við þeirri ósk og leggja til um fjölgun þeirra.

6. Skrifstofukostnaður sýslumanna verður að lækka með dýrtíðinni. Vinna, kol, olía, pappír, ritföng og annað lækkar að mun, og er því gert ráð fyrir 20000 kr. lækkun á þessum lið.

7. Liður þessi er lækkaður um 5000 kr., og má sú lækking ekki vera meiri, enda þótt aðalkostnaðurinn sje, auk launa fangavardarins í Rvík, ljós, hiti og matarverð, sem alt hefir lækkað töluvert og sennilega lækkar enn.

8. Liðurinn er óbreyttur.

9. Þessi liður var 1920 um 1100 kr., svo að ekki má áætla hann minna en 1000 kr.

10. Borgun til setu- og varadómarara varð 1920 rúmar 3000 kr. Liðurinn er því áætlaður 3000 kr.

B.

1. a.—c. Liðirnir eru óbreyttir nema b-liðurinn, sem er lækkaður um 3000 kr. vegna væntanlegrar verðlækkunar á pappír og prentun.

2. Bæði burðareyrir og simskeytagjöld hafa nýlega hækkað, og má því alls ekki áætla þessa liði lægra en hjer er gert, enda hefir reynslan sýnt, að þeir hafa hingað til jafnan verið áætlaðir of lágt.

3. Þessi liður var um 7600 kr. 1920, og má því ekki áætla hann lægra en 8000 kr.

4. Liðurinn er óbreyttur.

5. Sömmuleiðis.

6. Liðurinn er lækkaður um 10000 kr. Var 1920 14000 kr.

7. Þessi liður er hækkaður úr 1500 kr. í 5000 kr. vegna ákvæða hinna nýju laga um tekjuskatt og eignarskatt, og er mikið efamál hvort þetta er nógu hátt, því að engin reynsla er á það komin. Um mjög verulegan mun getur þó varla verið að ræða.

Um 12. gr.

1. Launin eru tekin eftir launalögunum og 80% uppbót.

2. Skrifstofukostnaður landlæknis er lækkaður um 900 kr.

3. Þessum lið er breytt þannig, að saman eru færðir allir styrkir til læknisvitjunar. Þeim hefir stöðugt fjölgað, en ástæðulaust virðist með öllu að nota heila blaðstöðu í fjárl. fyrir slíka smástyrki. Að öðru leyti vísast til aths. þeirrar sem sett er við lið þenna, sem sýnir, að hjer er ekki um efnisbreytingu að ræða.

4. Greiðslan til aukalæknis á Ísafirði er lækkuð um 500 kr. vegna þverrandi dýrtíðar, og jafnframt er ákveðið að hann fái eigi önnur laun úr ríkissjóði, því að sú mun hafa verið tilætlun Alþingis.

4.--7. Þessir læknastyrkir, sem áður voru hækkaðir mjög vegna dýrtíðar, eru nú nokkuð færðir niður, sem virðist sanngjarnt meðal annars með tilliti til dýrtíðaruppbótar embættismanna.

8. Liðurinn er færður niður um 3000 kr. í samráði við hlutaðeigandi lækni.

9. Einnig þessi liður er færður niður um 500 kr. í samráði við lækni þann, er forstöðu veitir radíumslækningum.

10. A. Launin eru lögákveðin.

B. Um annan kostnað af Holdsveikraspítalanum má geta þess, að í raun og veru er lítið vikið frá till. læknis, að því er heildarupphæðina snertir, en aftur á móti er einstökum liðum breytt nokkuð. T. d. er viðurværi sett hjer kr. 1,60 á mann á dag, þar sem læknir þykir áætla það helst til lágt. Sumir liðir hjá lækni eru aftur á móti fullhátt áætlaðir, t. d. ljós, sem forstöðumaður raf-

orkustöðvarinnar álitur að muni ekki kosta meira en ráðgert er í þessu frv. Verkalaun hljóta og að lækka nokkuð, en til þessa hefir læknir ekki tekið tillit, að því er virðist.

11. Áætlun sú um kostnað Geðveikrahælisins á Kleppi, sem hjer er ráðgerð, er nokkru lægri en hjá lækni, og stafar það mest af því, að læknir reiknar dagkostnað hvers sjúklings jafnháan og í gildandi fjárlögum, en það er alveg rangt, vegna lækkunar þeirrar, sem þegar er orðin á flestum lífsnaðsynjum. Þessi áætlun hefir því verið færð niður um 40 au. pr. dag fyrir hvern mann, svo að gert er ráð fyrir sama kostnaði í þessu efni þar og á Holdsveikraspítalanum. Yfirleitt virðist læknirinn hafa tekið mest tillit til gjaldanna á árinu 1920 og ekki eins til verðlækkunar þeirrar, sem þegar er orðin, t. d. á kolum, klæðnaði, starfslaunum, m. m.

Þess má geta, að eftir tillögum læknis er ekki ætlast til að neinn sjúklingur greiði hærra meðlag á dag en 2 kr.

12. A. Liðurinn lögákveðinn.

B. Að mestu leyti er farið eftir tillögum læknis, en sumir liðir eru þó lækkaðir nokkuð, svo sem ljós og hiti, viðurværi, kaup starfsmanna, húsbúnaður og áhöld, og eru allar þessar lækkanir gerðar með tilliti til breytingar þeirrar á verðlagi, sem er í vændum og virðist hljóta að koma. Geta má og þess, að allar líkur eru á því, að búíð á Vífilsstöðum muni geta farið að ljetta undir, því að það er nú orðið allstórt, rekið með mestu fyrirhyggju og dugnaði, og meira og meira land tekið til ræktunar.

Að öðru leyti visast til tillagna læknis, sem verða væntanlega sendar fjárveitinganefnd.

Um athugasemdina aftan við þennan lið er þess að geta, að ástæðan til hennar er sú, að þegar ríkissjóður tók við heilsubælinu gekk hann inn í samninga þá, er stjórn þess hafði gert við lækni, en þeir samningar voru á þann veg, að hann skyldi að loknum þjónustutíma sínum hafa eftirlaun eins og embættismenn ríkisins. Eftir þessu verður að líta þannig á, að læknirinn eigi kröfu til eftirlauna hjá ríkinu, en með því að stjórninni þykir vissara, að löggjafarvaldið láti þetta beinlínis í ljósi, svo að enginn vafi sje um þetta, er aths. þessi tekin hjer upp, en sjerstakra laga virðist ekki þurfa.

13. a. Þessi liður er lækkaður um þriðjung, úr 15000 kr., vegna verðlækkunar yfirleitt.

b. Liðurinn er lækkaður svo, að varla er að búast við að hægt sje á árinu að styrkja nema eina sjúkrahúsgerð, og er þess ekki að vænta, að ríkissjóður geti á þessum tímum frekara af mörkum látið.

c.—e. Liðirnir eru óbreyttir.

f. Þessi liður er nýr hjer, en hefir áður verið í 11. gr., þótt rjettara virðist að telja hann til heilbrigðismála. Er því þessu breytt hjer og liðurinn jafnframt lækkaður um 5000 kr., þótt vafamál sje hvort fjárveitingin verður þá nægileg, en miklu getur varla munað.

g. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.

h. Liðurinn er óbreyttur.

i. Sömuleiðis.

j. Liðurinn er lækkaður um 1000 kr.

k.—l. Liðir þessir eru óbreyttir.

14. Uppbót til yfirsetukvenna er feld burtu og liðurinn þess utan lækkaður um 5000 kr., með því að það virðist næglegt að áætla í þessu skyni 25000 kr., þar sem launahluti ríkissjóðs 1920 var eigi nema rúmlega 20000 kr.

Um 13. gr.

A.

1. a. Launin talin á sama hátt og annarstaðar í frv.
- b.—c. Þessir liðir eru lækkaðir lítið eitt frá till. póstmeistara, en það er gert í samráði við og með samþykki hans.
2. Þessi liður er einnig lækkaður nokkuð í samráði við póstmeistara.
3. a.—d. Liðirnir eru teknir alveg eftir till. póstmeistara.

B.

Framlag ríkissjóðs til vegamála er í frv. þessu áætlað nákvæmlega eftir till. vegamálastjóra, sem eru mjög itarlegar og vel rökstuddar og verða lagðar fyrir Alþingi í heild. Það þykir því eigi þörf á að gera nánari grein fyrir hverjum einstökum lið í athugasemdum þessum.

C.

- 1.—2. Þessir liðir eru teknir upp óbreyttir eins og þeir eru í fjárl. 1922.

D.

- I. Liðurinn er samningsbundinn.
- II. Liðurinn er óbreyttur.
- III. Vegna útlitsins um fjárhag ríkissjóðs á næstunni og vegna hins mikla tekjuballa, sem er á fjárl. 1922, virðist stjórninni óhjákvæmilegt að draga úr framkvæmdum, og koma þá símalagningar mjög til álita, sjerstaklega vegna þess, að til þeirra þarf mjög mikið útlent efni. Hefir stjórnin átt itarlegar samræður um þetta við landssímastjóra og farið eftir hans áliti um hvaða línur, sem fyrirhugaðar eru, skuli koma fyrst og hverjar biða. Er það vitaskuld, að hann er allra manna færastur að dæma um slíkt, en stjórnin verður aftur á móti að segja til, hversu miklu fje sje fært að verja árlega. Af hinu framangreinda leiðir, að í þessu frv. eru teknar í þenna lið ýmsar endurveitingar, sem rjett þykir að fresta 1922, og er þó ekki alt tekið hjer upp, sem ráðgert er að fresta.

Um hinar einstöku nýbyggingar vísast til tillagna landssímastjóra.

IV. 1. Gefur ekki tilefni til athugasemda.

- 2.—18. Flestir þessara liða eru lækkaðir lítið eitt frá till. landssímastjóra með tilliti til þess, að hann hafði yfirleitt áætlað kol og oliu hærra en gert er annars í frv. þessu. Að öðru leyti gefa liðir þessir ekki tilefni til athugasemda.

V.—IX. Allir þessir liðir eru áætlaðir eftir tillögum landssímastjóra.

E.

Fjárveitingarnar til vitamála eru teknar að heita má alveg eftir till. vitamálastjóra, að því undanskildu, að ekkert fje er ætlað til vitabygginga 1923, en vitamálastjóri leggur til að byrjað sje á mjög dýrum vita á Seley eystra, en þetta sjer stjórnin eigi fært að leggja til vegna fjárhagsörðugleika. Viti þessi með öllu

tilheyrandi er áætlaður um $\frac{1}{4}$ milljón, og virðist með öllu ófært að leggja út í slíkt í þessu árferði, jafnvel þótti sennilegt sje, að viti þessi sje allnauðsynlegur. Á það má einnig líta, að á síðustu árum höfum vjer varið miklu sje til vita- bygginga og gert ráð fyrir, að svo verði einnig á þessu ári (1922).

U'm 14. gr.

A.

- a. 1. Liðurinn er lögákveðinn.
2. Liður þessi er lækkaður um 500 kr.
- b. 1. Liðurinn er óbreyttur.
2. Þessi liður er lækkaður um 2000 kr. með tilliti til lækkandi dýrtíðar- uppbótar embættismanna.
3. Laun presta í ársbyrjun 1922 eru með 94⁰/₁₀ dýrtíðaruppbót um 450000 kr. Með 80⁰/₁₀ uppbót munu þau því verða sem næst kr. 400000 en þar frá dregst:

a. Sóknartekjur áætlaðar	kr. 85000	
b. Tekjur Prestlaunasjóðs aðrar	— 55000	— 140000
		<u>kr. 260000</u>

4. Óbreyttur liður.

B.

- I. a. Launin talin eftir launalögum með uppbót.
- b. Liðurinn er í rauninni óbreyttur frá því, sem nú er. Það er að eins uppbótin sem lækkar.
- c. Styrktarfjeð er lækkað um 3000 kr. og húsaleigustyrkur um 1000 kr.
- d. Liðurinn lækkaður um 300 kr.
- e. Óbreyttur liður að öðru leyti en því, að ákveðið er að hann skiftist jafnt milli gerlarannsóknna og kenslu í efnafræði. Er þetta tekið fram sökum þess, að 2 menn gegna nú þessum störfum.
- f. Liðurinn er lækkaður verulega vegna verðfalls á kolum og ljósmeti.
- g. Dýrtíðaruppbætur ritara og dyravörðar eru lækkaðar með hliðsjón af lækkun dýrtíðaruppbóta embættismanna, og ýms gjöld lækkuð um 1000 kr.
- II. Óbreyttur liður.
- III. a. Liðurinn er tekinn eftir launalögum.
- b. 1. Óbreytt.
2. Liðurinn er færður töluvert niður vegna kolaverðs og ljósa. Auk þess er gert ráð fyrir, að dyravörður kosti sjálfur ræstingu.
3. Óbreyttur liður, enda er skólahúsið nú í ágætu standi eftir þær um- bætur, er það hefir fengið vegna konungskomunnar.
4. Sennilegt er að laun tímakennara lækki eitthvað, og þess vegna er lið- urinn færður niður um 1500 kr. Rektor skólans leggur til að hann sje hækkað- ur, en inn á það getur stjórnin ekki gengið, enda er ekki auðið að bæta fleiri deildum í skólann en nú er.
5. Óbreyttur liður.
6. Sömuleiðis, að eins uppbótin breytt.
7. Óbreyttur liður.

8. Liðurinn er hækkaður um 300 kr. eftir till. rektors.

9. Einnig þessi liður er hækkaður eftir till. rektors.

10. Liðurinn er lækkaður um 200 kr.

11.—12. Óbreyttir.

IV. a. Launin talin eftir launalögum.

b. 1. Fjárveitingin er hækkuð þannig, að gert er ráð fyrir, að Guðm. G. Bárðarson hafi sömu laun og fastur kennari, en altur á móti er visindastyrkur hans feldur burtu.

2. Timakensluliðurinn er lækkaður lítið eitt í von um lækkandi tíma-kaup.

3. Óbreytt.

4. Lækkað um 1000 kr.

5. Liðurinn er lækkaður um 100 kr.

6. Uppbótin til dyravarðar lækkuð um 100 kr.

7.—8. Þessir liðir eru óbreyttir.

V. a. Launin tekin eftir launalögum.

b. 1. Liðurinn er óbreyttur.

2. Þessi liður er lækkaður verulega vegna núverandi kolaverðs.

3. Liðurinn óbreyttur. Skólastjóri hefir farið fram á hækkun, sem stjórnin telur ekki fært að sinna.

4. Námsstyrkurinn er látinn halda sjer, þótt annars sje hann lækkaður í öðrum skólum, og er það gert með tilliti til þess, að skólann sækja mest unglingar utan af landi, flestir fátækir, enda hefir skólastjóri farið fram á hækkun á þessum lið.

5.—6. Þessir liðir eru óbreyttir.

VI. a. Launin tilfærð eftir launalögum.

b. 1.—2. Þessir liðir eru færðir lítið eitt niður úr till. skólastjóra, af ástæðum, sem áður eru tilgreindar við samskonar liði annarstaðar.

3.—4. Óbreyttir liðir.

VII. a. Launin tekin samkvæmt launalögum.

b. Farið eftir till. skólastjóra að öðru leyti en því, að áætlun hans um upphitunarkostnað er færð niður óverulega.

VIII. 1. a. Launin talin eftir launalögum.

b. Till. skólastjóra lækkuð um 400 kr., því að í borgun þessari er falin dýrtíðaruppbót.

c. 1. Tekið eftir till. skólastjóra.

2. Óbreyttur liður.

3. Liðurinn færður niður um helming. Skólastjóri leggur til, að veitt sje jafnhá upphæð og nú er, en það virðist hljóta að vera á misskilningi bygt.

4. Liðurinn er áætlaður eftir till. skólastjóra.

2. a. Launin tilfærð samkvæmt launalögum.

b. Liðurinn er lækkaður um 300 kr., með því að dýrtíðaruppbót er í honum falin.

c. 1. Liðurinn lækkaður um 400 kr. í samræmi við tilsvarandi lið á Hólum.

2.—4. Þessir liðir eru áætlaðir eftir till. skólastjóra.

3. a. Launin tekin eftir launalögum.

b. Liðurinn óbreyttur.

c. 1.—4. Eldiviðar- og ljósakostnaður er færður lítið eitt niður gegn till. skólustjóra, sem vill hækka hann mjög, en það virðist á engu byggt.

IX. Liðirnir til iðnfræðslu eru látnir halda sjer, að öðru leyti en því, að framlagið til Iðnaðarmannafjelagsins í Rvík er lækkað um 2000 kr.

X. Framlagið til verslunarskólanna er lækkað um 2500 kr. hjá hvorum.

XI. Laun forstöðumanns eru lækkuð um 500 kr. frá því, sem nú eru þau. Styrkur til námskvenna er lækkaður um 1000 kr. og ljós og hiti um 300 kr.

XII. Styrkurinn til kvennaskólanna er lækkaður töluvert, og þykir ekki ástæða til að telja það upp nákvæmlega. Rekstrarkostnaður skólanna hlýtur að minna allmikið eins og annara skóla.

XIII. 1. Þessi liður hlýtur að allmiklu leyti að byggjast á ágiskun, því að ómögulegt er að vita, hversu margir ferkennarar verða, og getur þar munað töluverðu, en reynslan sýnir, að kennurum fjölgar stöðugt, sem við er að búast, þar sem engar lagaskorður eru settar fyrir fjölda þeirra.

Kostnaður þessi var yfir 450000 kr. 1920 og verður sjálfsagt mikið á 6. hundrad þúsund 1921. Ef gengið er út frá 40% lægri uppbót 1923 en 1920 ættu 350000 kr. að vera varlega áætlað, jafnvel þótt kennurum kunni að fjölga.

2.—7. Liðirnir eru óbreyttir, nema utanfararstyrkur barnakennara er lækkaður úr 2500 kr. í 2000 kr.

XIV. Styrkurinn til unglinga- og alþýðuskóla er lækkaður verulega, enda er hann geysihár í gildandi fjárlögum og engin von um, að ríkissjóður geti haldið áfram með slíkt.

XV. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.

XVI. Þessi liður er sömuleiðis lækkaður um 400 kr.

XVII. Liðurinn er lækkaður um 2000 kr.

XVIII. Óbreyttur liður.

XIX. Styrkirnir til sundkenslu eru lækkaðir og styrkurinn til Ingibjargar Guðbrandsdóttur feldur burtu.

XX. Þessi styrkur er lækkaður um 500 kr.

Um 15. gr.

1. a. Launin eru tekin eftir launalögum.

b.—g. Allir þessir liðir eru eins og í gildandi fjárlögum. Liðinn til bóka-kaupa hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært að hækka, þótt landsbókavörður óski þess.

2. a. Launin eru tilfærð eftir launalögum.

b.—c. Óbreyttir liðir.

Fjárveitingin til ljósmyndunar og afritunar skjala er feld niður, með því að þetta hvortveggja virðist geta beðið.

3. Nokkrar breytingar eru gerðar á fjárveitingum til safnsins, allar til lækkunar, og virðist samt nokkurn veginn nægilega veitt til safnsins. Sjerstaklega skal það tekið fram, að það sýnist með öllu óþarft að greiða sjerstaka borgun fyrir að semja skýrslu um safnið. Þjóðmenjavörður getur áreiðanlega annast það starf án sjerstakrar borgunar, ekki umfangsmeira embætti en hann hefir að gegna.

4. Liðurinn hefir verið lækkaður um 500 kr.
5. Liður þessi er áætlaður i samráði við Safnahúsvörð. Ræstingu er gert ráð fyrir að umsjónarmaður hússins kosti.
6. Liðurinn er óbreyttur.
7. Sömuleiðis.
8. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.
9. Liðurinn er óbreyttur.
10. Sömuleiðis.
11. Liðurinn lækkaður um 500 kr.
12. Sömuleiðis.
13. Liðurinn lækkaður um 1000 kr.
14. Liðurinn lækkaður um 200 kr.
15. Sömuleiðis.
16. Liðurinn lækkaður um 500 kr.
17. Liðurinn lækkaður um 200 kr.
18. Liðurinn lækkaður um 1000 kr.
19. Hjer er lækkaður a-liðurinn um 7000 kr.
20. Liðurinn er lækkaður um 1000 kr., því að i honum er falin dýrtíðaruppbót.
21. Óbreyttur liður.
22. Liðurinn er færður úr 1500 kr. i 800 kr.
23. Liðurinn er færður úr 3000 kr. i 1200 kr.
24. Liðurinn er færður niður um 1000 kr.
25. Liðurinn er lækkaður um 400 kr.
26. Þessi liður er færður niður um 100 kr.
27. Sömuleiðis.
28. Þessi liður er færður niður um 200 kr.
29. Sömuleiðis.
30. Óbreyttur liður.
31. Sama sem óbreytt.
32. Liðurinn er tekinn sem næst eftir till. forstöðumanns veðurathugana- stofnunarinnar.
33. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.
34. Sömuleiðis.
35. Lækkað eftir því sem álita má sanni næst vegna verðfalls á kolum.
36. Lækkað um 100 kr.
37. Þessi liður er óbreyttur að öðru leyti en því, að dýrtíðaruppbótin lækkar.
38. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.

Um 16. gr.

1. Þar sem stjórnin er neydd til að draga úr öllum fjárveitingum hið itr- asta sem hægt er, verður eigi hjá því komist að lækka einnig þennan lið stór- um. Hann er i núgildandi fjárlögum 200 þús. kr. og formaður Búnaðarfjelags Ís- lands fer fram á hækkun upp i 215,500 kr. Stjórnin hefir nú farið i gegnum á- ætlun formannsins, og þykist geta fundið stað þeirri lækkun frá þessari áætlun sem hún gerir. Vill hún benda á nokkur atriði:

1. Dýrtíðaruppbót starfsmanna fjelagsins er oftalin um kr.	8000,00
2. Þar næst er engin ástæða til í þessu ári að hafa tvo fast-ráðna menn til sóðurræktar- og garðyrkjutilrauna, þegar garðyrkjustjóra eru veitt sjerstök laun. Virðist á þeim tveim liðum verða að spara, þar með talið rekstrar-fje —	10000,00
3. Til eftirlits- og fódurbirgðafjelaga er nýr liður í áætluninni, sem spara verður nú eins og önnur nýmæli —	10000,00
4. Til ýmsra ræktunarfyrtækja er í áætluninni 10 þús. kr. Þar virðist mega spara —	4000,00
5. Til girðinga fyrir kynbótagripi eru ætlaðar í styrkveitingum 5000 kr. Þennan lið virðist mega spara til fulls í þetta sinn... —	5000,00
6. Til skrifstofukostnaðar og búnaðarrits eru ætlaðar 18 þús. kr. samtals. Þar sýnist mega spara að m. k. —	5000,00
7. Til Búnaðarsambandanna eru ætlaðar 47500 kr. Af þeim virðist ástæða til að draga blutfallslega á við fjelagið sjálft, eða að m. k. —	10000,00
8. Til utanfara og búnaðarfræðslu er ætlað 2000 kr. meira, hvoru fyrir sig, en að undanförunu, og virðist ekki næg ástæða til þess, svo að þar má spara samtals —	4000,00
	Samtals kr. 56000,00

Á ótöldum liðum má hæglega spara svo mikið, að áætlunin komist ofan í það sem stjórnin hefir til tekið.

2. Æskilegt væri að þurfa ekki að lækka þessa fjárveitingu, en þó þykir ekki annað sært; hins vegar má á það lita, að ekki er ólíklegt að verðlag breytist svo til 1923, að jafnmikið megi gera með 12000 kr. þá og með 15000 kr., er gildandi fjárlög voru samin.

3. Þessi styrkur er lækkaður um þriðjung vegna nauðsynjarinnar á sparnaði.

4. Laun garðyrkjustjóra eru færð niður um 1000 kr. með því að í þeim er falin dýrtíðaruppbót. Jafnframt er ætlast til að honum verði falið að anna ókeypis garðyrkjutilraunir í gróðrarstöðinni í Rvík. Tillagið til Garðyrkjufjelagsins er lækkað um helming.

5. Laun skógræktarmanna eru tekin eftir launalögum, og tillagið til skóg-ræktarinnar sjálfar er lækkað úr 21000 kr. í 12000 kr.

6. Óvíst er hvað verður um landmælingar 1923, en rjettast þykir þó að taka upp fjárveitingu í þessu skyni, en vitaskuld er það með öllu óvíst hvort þessi upphæð nægir, því að enginn veit enn, hversu fjölmennur flokkur kann að koma það ár til mælinga.

7. Laun dýralækna eru tekin eftir launalögum og styrkirnir í b-lið og c-lið eru óbreyttir.

8. Óbreyttur liður.

9. Nú er kominn nýr maður að efnarannsóknarstofunni, og er ætlast til að hann hafi í laun 3500 kr., með dýrtíðaruppbót eins og embættismenn; b-liður og c-liður eru lítið eitt lækkaðir.

10. Óbreyttur liður.

11. Sömuleiðis.

12. Sömuleiðis.

13. Liðurinn er lækkaður um 15000 kr.

14. Launin í þessum lið eru tekin eftir launalögum og öðrum lögum, er hjer að lúta, en ferðakostnaður yfirmatsmanna er áætlaður 2000 kr. minni en í gildandi fjárlögum.

15. Liðurinn er lækkaður um 400 kr.

16. Óbreyttur liður.

17. Liðurinn er lækkaður um 200 kr.

18. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.

19.—22. Þessir styrkir eru lækkaðir lítið eitt, nema styrkurinn til áhúandans á Hrauntanga.

23. Eins og kunnugt er, hefir námufraeðingur tekið við umsjón Helgustaðanámunnar, og eru það laun hans, 3500 kr. með sömu uppbót, sem embættismenn njóta, er hjer ræðir um.

24.—25. Lögákveðnir liðir.

26. Þessi liður er nýr í fjárlögum, en er lögákveðinn eins og hinir liðirnir. Upphæðin er vitaskuld byggð á áætlun, en var 1920 tæpl. 20000 kr.

27. Launin tilfærð eftir launalögum.

28. Óbreyttur liður.

29. Lögákveðin laun.

30. Óbreyttur liður, nema uppbótin lækkuð í samræmi við dýrliðaruppbót annarstaðar í frv.

31. Óbreyttur liður að öðru leyti en því, að ferðakostnaður er lækkaður um 200 kr. og skrifstofufje felt niður.

32. Styrkurinn til björgunarskipisins »Þórs« er færður niður um helming, enda hlýtur útgerðarkostnaður að fara stórum lækkandi, og rikissjóði auk þess um megn að styrkja þetta fyrirtæki meira.

33. Eins og kunnugt er, eiga þau Magnús Friðriksson á Staðarfelli og kona hans að fá árlegan lífeyri að upphæð 3000 kr. sem borgun fyrir Staðarfell. Nú er jörðin leigð fyrir 1800 kr. á ári, og það verða því að eins 1200 kr., sem greiða ber úr rikissjóði.

Um 17. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Skrá fylgir um eftirlaun þau, er ræðir um í l. a.—d.

Að öðru leyti skal það tekið fram um þessa gr., að auk sjálfsagðra breytinga og nokkurra lækkana til samræmis hefir stjórnin bætt við þeim, sem hjer segir:

1. Gesti Guðmundssyni vitaverði eru ætlaðar 400 kr., og er það í samræmi við vilja Alþingis 1921.
2. Steinunni Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar dyravarðar í stjórnarráðshúsinu, eru ætlaðar 300 kr. á ári, þar sem hún fær ekkert úr Lífeyrisjóði embættismanna og er blásnaud.

Um 19. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 20. gr.

Gefur ekki heldur tilefni til athugasemda.

Um 21. gr.

Jafnvel þótt lítið útlit sje fyrir að auðið verði að lána úr Viðlagasjóði til muna, er þó haldið nokkrum gömlum lánsheimildum.

Um 22.—23. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Skrá

yfir lögmaelt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1921.

A. Embættismenn:	kr.	kr.
1. Franz Siemsen sýslumaður í Gullbr.- og Kjósarsýslu (konungsrskurður $12/6$ 1899)... ..	1601,40	
2. Júlíus Halldórsson, hjeradslæknir í Blönduóshjeraði (konungsrskurður $19/4$ 1906)... ..	1133,33	
3. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsrskurður $9/4$ 1907)	641,91	
4. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsrskurður $30/11$ 1908)... ..	1008,00	
6. Helgí Guðmundsson, hjeradslæknir í Siglufjarðarhjeradaði (konungsrskurður $1/11$ 1910)	1000,00	
7. Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsrskurður $1/7$ 1911)	1876,62	
8. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsrskurður $20/10$ 1911)... ..	1737,78	
9. Ásgeir Blöndal, hjeradslæknir í Eyrarbakka-hjeraði (konungsrskurður $26/5$ 1914)... ..	1000,00	
10. Bjarni Jensson, hjeradslæknir í Síðuhjeraði (konungsrskurður $17/2$ 1914)	1000,00	
11. Hannes Hafstein, ráðherra (konungsrskurður $21/7$ 1914)	5333,33	
12. Sigurður Þórðarson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsrskurður $7/10$ 1914)	2276,70	
Flyt ...	20049,07

	kr.	kr.
Flutt ...	20049,07
13. Björn G. Blöndal, hjeradslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður ²⁸ / ₇ 1915)	875,00	
14. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður ³⁰ / ₇ 1915)	2571,35	
15. Klemens Jónsson, landritari (konungsúrskurður ⁴ / ₁ 1917)	4000,00	
16. Davíð Scheving, hjeradslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður ³ / ₅ 1914)	1266,67	
17. Sigurður Eggerz, ráðherra (konungsúrskurður ⁴ / ₅ 1915).	3000,00	
18. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
		33320,61
B. Embættismaekkjur og börn:		
1. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeradslæknis, frá ¹ / ₁₂ 1873	197,00	
2. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá ¹ / ₇ 1875	529,16	
3. Elinborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá ¹ / ₂ 1886	919,17	
4. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeradslæknis, frá ¹ / ₁ 1890	187,50	
5. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá ¹ / ₁₀ 1891	750,00	
6. Ragnheiður Guðjónsen, ekkja Einars Guðjónsen hjeradslæknis í 13. læknishjeraði, frá ¹ / ₈ 1891	187,50	
7. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá ¹ / ₁ 1894	350,09	
8. Þórhildur Tómasdóttir, ekkja eftir Helga Hálfðánarson forstöðumann prestaskólans, frá ¹ / ₂ 1894	575,00	
9. Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnson sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá ¹ / ₅ 1894	412,59	
10. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeradslæknis í 4. læknishjeraði, frá ¹ / ₅ 1894	305,00	
11. Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá ¹ / ₁₁ 1895	430,80	
12. Elisabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeradslæknis, frá ¹ / ₆ 1896	187,50	
13. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá ¹ / ₁ 1905	kr. 625,00	
Samkvæmt konungsúrskurði ²¹ / ₃ 1905 banda dóttur hennar Þórdísi til fullra 18 ára, f. ¹ / ₄ 1904	— 100,00	
	725,00	
Flyt ...	5756,31	33320,61

	kr.	kr.
Flntt ...	5756,31	33320,61
14. Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1906	187,50	
15. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
16. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslækuis, frá 1/4 1909	187,50	
17. Eline Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
18. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjæraði, frá 1/9 1910 kr. 150,00 Samkvæmt konungsráskurði 4/4 1911 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 16 ára: 1. Ragnbildi, f. 14/7 1907 — 80,00 2. Jóni Baldri, f. 15/6 1909 — 80,00	310,00	
19. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjæraði, frá 1/11 1910	212,50	
20. Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassens landlæknis, frá 1/12 1910	539,17	
21. Elísabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónssonar ráðherra, frá 1/12 1912	600,00	
22. Oliva Maria Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar sýslumanns, frá 1/9 1913	560,83	
23. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915	750,00	
24. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
25. Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916 kr. 535,17 Samkvæmt konungsráskurði 9/8 1916 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára: 1. Sverri, f. 16/7 1904 — 100,00 2. Maríu Kristínu, f. 12/9 1906 — 100,00	735,17	
26. Elin Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1200,00	
27. Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
28. Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónssonar, frá 1/9 1917	200,00	
Flyt ...	13124,88	33320,61

	kr.	kr.
Flutt ...	13124,88	33320,61
29. Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá $\frac{1}{1}$ 1919, kr. 350,00 Samkvæmt konungsráskurði $\frac{12}{2}$ 1919 handa börnum hennar, þar til þau eru fullra 18 ára: 1. Stefáni, f. $\frac{11}{7}$ 1904 — 100,00 2. Dagmar Camillu Þorbjörgu, f. $\frac{21}{7}$ 1905 — 100,00	550,00	
30. Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sig. Sigurðssonar hjeraðslæknis i Dalahjæraði	187,50	
31. Vigdis G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals hjeraðslæknis i Borgarfjarðarhjæraði	187,50	
32. Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá $\frac{1}{3}$ 1920 kr. 340,00 Samkvæmt konungsráskurði $\frac{12}{11}$ 1920 handa 2 börnum hennar, þar til þau eru fullra 16 ára: 1. Þorvaldi, f. $\frac{20}{3}$ 1907 — 100,00 2. Jóni Þórði, f. $\frac{15}{1}$ 1913 — 100,00	540,00	
33. Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
34. Finnþoga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis i Reykhólahjæraði	187,50	15227,38
C. Uppgjafaprestar:		
1. Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900	208,65	
2. Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
3. Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
4. Páll Sívertsen, prestur að Stað i Aðalvík, frá fardögum 1906	477,73	1321,66
D. Prestsekkjur:		
1. Anna í. Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,00	
2. Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3. Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4. Bergljót Blöndal frá Hvammi i Skagafirði	100,00	
5. Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6. Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7. Guðríður Þjetursdóttir frá Hófða	114,63	
Flýt ...	814,06	49869,65

	kr.	kr.
Flyt ...	814,06	49869,65
8. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9. Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
10. Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11. Guðrún Ólafsdóttir frá Otrárdal	100,00	
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Gørðum	314,81	
13. Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14. Halldóra Hallgrímsdóttir frá Gørðum á Akranesi ...	154,25	
15. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	158,95	
16. Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	31,81	
17. Ingibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	146,10	
18. Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
19. Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
20. Kristín Sveiubjarnardóttir frá Holti	181,40	
21. Kristín Thorlacíus frá Saurbæ í Eyjafirði	136,39	
22. Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	118,43	
23. Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	117,25	
24. Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
25. Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	117,25	
26. Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum	149,20	
27. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
28. Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
29. Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
30. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	23,43	
31. Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
32. Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
33. Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
34. Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	100,00	
35. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
36. Þórey Bjarnadóttir Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
37. Þórunn S. Pjetursdóttir frá Eydölum	204,48	
38. Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal ...	142,00	
39. Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
		5045,45
Samtals:		54915,10